

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 4. apríl 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-75/2012:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 4. október sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnd seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi og fyrri eigandi bifreiðarinnar, Z, hér eftir einnig nefndur fyrri eigandi, greiði fyrir viðgerð á bifreiðinni.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 15. október sl., gaf kæruneftndin seljanda og fyrrum eiganda kost á andsvörum, en einungis fyrri eigandi kaus að veita andsvör og bærust þau hinn 1. nóvember. Með bréfi, dags. 13. nóvember sl., var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bærust þau hinn 16. nóvember. Með bréfi, dags. 21. nóvember var seljanda og fyrri eiganda gefinn kostur á að veita frekari andsvör og frest til þess til 7. desember. Engin frekari gögn bærust nefndinni. Með bréfi, dags. 3. apríl sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og fylgigögnum með henni kemur fram að álitsbeiðandi gerði bifreiðaskipti við seljanda hinn 16. júlí 2012. Lét álitsbeiðandi af hendi bifreið af gerðinni BMW 530, árgerð 2004 og fékk í staðinn bifreið af gerðinni Ford F-350, árgerð 2004, ekin 93.000 mílur, frá seljanda. Segist álitsbeiðandi hafa látið framkvæma ástandsskoðun á bifreiðinni og hafi ekkert komið í ljós sem benti til þess að ástand bifreiðarinnar væri óeðlilegt. Þá hafi seljandi fullyrt að bifreiðin væri í góðu lagi og aldrei hafi svo mikið sem þurft að bæta vatni á vél hennar, hún væri lítið notuð og alltaf verið hugsað vel um hana. Eins hefði komið fram að fyrri eigandi bifreiðarinnar hefði lítið notað hana. Segir álitsbeiðandi að áðurneftnd ástandsskoðun hafi verið framkvæmd af skyldmenni sínu og að þar hefði ekkert komið fram sem benti til þess vél bifreiðarinnar væri á síðasta snúning svo sem síðar kom í ljós. Þegar álitsbeiðandi hafði átt bifreiðina í um fjórar vikur bilaði síðan bifreiðin. Segir álitsbeiðandi að seljendur hafi tekið vel í að taka þátt í kostnaði við viðgerð á vél bifreiðarinnar, en fyrri eigandi hafi með öllu neitað að taka þátt í slíkum kostnaði. Segir álitsbeiðandi að bifreiðin hafi verið haldin leyndum galla og, sem fyrr segir, krefst þess að seljandi og fyrri eigandi greiði fyrir viðgerð á vél bifreiðarinnar á eigin reikning, en áætlaður kostnaður við þá viðgerð mun nema um kr. 700.000 skv. áætlun verkstæðis sem fylgdi álitsbeiðninni.

IV

Andsvör fyrri eiganda

Í andsvörum sínum tekur fyrri eigandi sérstaklega fram að hann hafi aldrei átt í neinum viðskiptum við álitsbeiðanda. Þá telur fyrri eigandi að sprungin heddþakning geti aldrei talist leyndur galli, líkt og álitsbeiðandi haldi fram. Eins hafi umrædd bifreið verið í fullkomnu lagi og nýskoðuð, án athugasemda, þegar fyrri eigandi seldi bifreiðina. Áðurneftnd kaup hafi

einnig farið fram fyrir tæpum fimm mánuðum og segist fyrri eigandi ekkert vita um meðferð bifreiðarinnar eftir að hann seldi hana, því geti hann ekki tekið ábyrgð á bifreiðinni. Sú bifreið sem fyrri eigandi hafi síðan fengið í stað þessarar bifreiðar, frá nefndum seljanda, hafi reynst gölluð og hafi viðgerð á bifreiðinni kostað hann kr. 300.000.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör fyrri eiganda

Í athugasemdum álitsbeiðanda kemur fram að álitsbeiðandi hafi keypt umrædda bifreið rétt rúmum mánuði áður en seljandi keypti bifreiðina af fyrrum eiganda. Álitsbeiðandi hafi síðan haft bifreiðina til umráða í um fjórar vikur, allt þar til hún bilaði hinn 22. ágúst sl. Það hafi verið einungis um tveimur og hálfum mánuði frá því fyrri eigandi seldi bifreiðina. Vísar álitsbeiðandi til 2. mgr. 18. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup og segir að þar komi fram að seljandi beri ábyrgð á söluhlut í 6 mánuði frá því kaup fari fram. Ljóst sé að bilun í vél bifreiðarinnar hafi verið fyrir hendi í allnokkuð langan tíma og fyrri eigendum hafi líklega verið það ljóst. Þá segir álitsbeiðandi að bifreiðin sé lítið ekin og því óeðlilegt að vél hennar bili jafn mikið nema fyrir hendi sé galli. Meðfylgjandi athugasemdum álitsbeiðanda er lýsing verkstæðis á ástandi bifreiðarinnar. Þar segir m.a.:

„Þegar bíll kom inn til viðgerðar var vatnsgufa aftur úr pústi og þrýstingur á vatnskerfi. Þá var byrjað að taka EGR kæli úr. Hann var bilaður. [...] Eftir prufuakstur komi í ljós að bíll var enn að blása út í vatnið en gufan aftur í púst hætti. Við höfðum orðið varir við ógang við gangsetningu þannig að það var sett á hann tölva og prufaður nokkra morgna áður en bíll var tekinn í heddþakningarskipti, s.s. hedd, blokk, pústgreinar, farið í gegnum túrbínu, skipt um spíss, tengi, smurþrýsting (var með gölluð tengi), viftureim, hosu o.fl. Eftir prufuakstur er enginn blástur í vatnsgang, en örlítið ber á máttleysi. Bíll tekinn í test aftur en ekki hægt að greina. [...]"

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Í málinu liggur fyrir að álitsbeiðandi hefur gert kröfu á seljanda og fyrri eiganda bifreiðarinnar sem um er deilt. Þessu hefur fyrri eigandi mótmælt með þeim rökum að hann eigi ekki í réttarsambandi við álitsbeiðanda, enda hafi hann eingöngu átt viðskipti við þann aðila sem seldi álitsbeiðanda bifreiðina, en ekki við álitsbeiðanda sjálfan. Í 1. mgr. 35. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup er fjallað um það að kaupandi geti borið gallakröfu sína á hendur seljanda fram gegni fyrri söluaðila ef sams konar krafa vegna gallans verður höfð uppi af seljanda eða öðrum sem öðlast hefur söluhlutinn frá fyrri söluaðila. Samkvæmt þessu ákvæði álitur kærunefndin að álitsbeiðandi geti í þessu tilviki haft uppi körfur á hendur fyrri eiganda einnig, enda þótt hann hafi keypt bifreiðina af öðrum aðila.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 hinn 16. júlí 2012 og var kaupverð, kr. 3.280.000 greitt að fullu með bifreiðinni xx-000. Bifreiðin sem keypt var er árgerð 2004 og fyrsti skráningardagur hennar 13. janúar 2005.

Bifreiðin var því rúmlega 7 ára og 6 mánaða á kaupdegi og hafði verið ekið 93.000 mílur, þ.e. um 149.000 km., þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Í kaupsamningi og afsali fyrir umþrættri bifreið, dags. 16. júlí 2012, segir m.a. eftirfarandi:

„Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;

c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Í kaupsamningi og afsali kemur fram að álitsbeiðandi staðfestir að seljandi hafi vakið athygli hans á því að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Slíka skoðun lét álitsbeiðandi framkvæma en að mati kærunefndarinnar er eðli þeirrar bilunar í vél bifreiðarinnar, þ.e. á heddi o.fl., með þeim hætti að afar ólíklegt er að hægt hefði verið að greina gallann við venjulega skoðun. Engar haldbærar upplýsingar hafa komið fram um það hvort verð á bifreiðinni hafi á þeim tíma er kaupin fóru fram verið svipað og viðmiðunarverð á sambærilegum bifreiðum enda má segja að verð á bifreiðum á þessum aldri geti verið mjög mismunandi og farið m.a. eftir því hvernig bifreiðin lítur út og hvernig virðist hafa verið farið með hana. Þrátt fyrir fullyrðingar álitsbeiðanda um að bæði seljandi og fyrri eigandi hafi vitað um ástand vélar bifreiðarinnar getur kærunefndin ekki fallist á þær fullyrðingar seljanda og getur bifreiðin því ekki talist gölluð í skilningi b-liðar 1. mgr. 16. gr. sbr. b-lið 1. mgr. 17. gr. Þá er ekkert komið fram í málinu sem bendir til þess að bifreiðin hafi ekki svarað til þeirra upplýsinga sem seljandi hafi gefið um hlutinn í skilningi c-liðar 1. mgr. 16. gr.

Að því er heddið varðar er það álit kærunefndarinnar að telja verði það galla á bifreiðinni, þótt gömul væri, að heddið skyldi reynast ónýtt eða í því ástandi að skipta þyrfti um það. Einungis leið um mánuður frá kaupum og þar til heddið gaf sig og þrátt fyrir að álitsbeiðandi virðist hafa ekið bifreiðinni um 8.000 km. á þeim tíma verður að telja að verulegar líkur hafi verið á að heddið hafi eitthvað verið farið að gefa sig þegar kaupin fóru fram og að líkum einnig á þeim tíma sem seljandi keypti bifreiðina af fyrri eiganda, rúmum mánuði áður en álitsbeiðandi eignaðist bifreiðina.

Það er álit kærunefndarinnar að álitsbeiðandi hafi ekki mátt búast við því við kaupin að nauðsynlegt myndi reynast að skipta um hedd í bifreiðinni. Má því líta svo á að um

leyndan galla hafi verið að ræða enda, sem fyrr segir, engar líkur á því að seljandi eða fyrri eigandi hafi verið, eða mátt vera þetta ljóst. Hins vegar verður að taka tillit til þess við úrbótaskyldu seljanda vegna gallans að nýtt kemur í stað notaðs og verðmæti bifreiðarinnar eykst að sama skapi. Álitsbeiðandi hefur gert grein fyrir því að heildarkostnaður við að skipta á heddinu og framkvæmda aðrar nauðsynlegar viðgerðir á vél bifreiðarinnar í tengslum við þá skiptingu nemi kr. 700.000 og hefur því í sjálfu sér ekki verið mótmælt. Það er álit kærunefndarinnar eins og atvikum málsins er háttað að seljanda beri að greiða tvo þriðju hluta þess kostnaðar sem leiðar af því að skipta verði um heddið, eða samtals kr. 466.000. Kærunefndin vill þó benda á að í ljósi eðli gallans og þess skamma tíma sem seljandi átti bifreiðina gæti seljandi aftur átt kröfu á hendur þeim aðila sem seldi honum bifreiðina.

VII

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 466.000.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir